



Akureyrarbær

Starfsáætlun stjórnar Akureyrarstofu 2021

Kynning og umræða í bæjarstjórn 16. mars 2021

Hilda Jana Gísladóttir formaður stjórnar Akureyrarstofu

Stjórn Akureyrarstofu fer með menningar-, atvinnu-, ferða-, markaðs-, viðburða- og kynningarmál í umboði bæjarstjórnar Akureyrar. Í stjórninni sitja nú ég sem formaður, Sigfús Karlsson, varaformaður, Anna Fanney Stefánsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Finnur Dúa Sigurðsson og Karl Liljendal Hólmgeirsson sem áheyrnarfulltrúi.

Starfsmenn Akureyrarstofu eru fjórir fyrir utan forstöðumann: verkefnastjóri menningarmála, verkefnastjóri markaðs- og kynningarmála, verkefnastjóri upplýsingamiðlunar og verkefnastjóri ferðamála. Forstöðumaður er Þórgnýr Dýrfjörð sem ber jafnframt ábyrgð á verkefnum tengdum almennum atvinnumálum. Starfsemin tilheyrir samfélagssviði þar sem Kristinn J. Reimarsson er sviðsstjóri.

Vil ég nýta tækifærið og þakka bæði stjórnarmönnum og starfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf.

Óvenjulegt ár að baki og óvenjulegir tímar enn um sinn

Varla þarf að nefna að síðasta ár var óvenjulegt á svo marga lund og allir þurftu að bregðast við áður óþekktum aðstæðum. Akureyrarstofa gegndi mikilvægu hlutverki í aðgerðum vegna COVID-19 faraldursins þar sem upplýsingagjöf var lykilmáttur í viðbrögðum ekki síst á fyrstu mánuðum.

Samþykkt var sérstök fjárveiting í viðburða- og vöruþróunarsjóð í því skyni að efla þjónustu og framboð á viðburðum fyrir ferðamenn, í menningarlífi og íþrótt- og útivistargeiranum. Markmiðið var jafnframt að styrkja Akureyri enn frekar í sessi sem vinsælan áfangastað.

Úthlutað var ríflega 16 milljónum króna til um 46 verkefna. Jafnframt var ákveðið að greiða niður ferðir til Hríseyjar tímabundið til að hvetja Íslendinga til að heimsækja eyjuna. Það tókst framúrskarandi vel og dag eftir dag var nánast uppselt í ferjuna.

Til að styðja enn frekar við þetta var sett í gang markaðsátak á innlendum ferðamarkaði undir yfirskriftinni „Það er eitthvað við hana“ sem fékk góða athygli og þótti skera sig frá mörgu öðru sem var gert á þeim vettvangi.

Starf stofnana í menningargeiranum var eins og svo margt annað miklum takmörkunum háð og ég verð að hrósa stjórnendum og starfsfólki fyrir mikla útsjónarsemi, sköpunarkraft og seiglu í að finna upp á nýjungum og gera fólki kleift að njóta og nýta þrátt fyrir allt. Söfnin okkar voru t.a.m. ótrúlega sýnileg þrátt fyrir lokanir langtímum saman.

Það er ljóst að mörg mikilvæg fyrirtæki í ferðaþjónustu á Akureyri hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum og hafa þurft að berjast fyrir lífi sínu á þessum flóknu tímum. En það er á sama tíma uppörvandi að sjá hvað bærinn er gríðarsterkur áfangastaður þrátt fyrir allt. Verslun hefur á löngum köflum gengið vel, helgargisting hefur verið nánast fullbókuð, flókið er að fá borð á veitingastöðum og Hlíðarfjall er klárlega einn vinsælasti áfangastaður landsins þessa dagana. Menningarlífið hefur líka komið sterkt inn nú þegar fleiri geta notið viðburða í einu og fjölskyldusýningin Benedikt búálfur sem LA og SN standa saman að er frábær viðbót.

Akureyrarstofa hélt í síðustu viku samráðsfund með nokkrum tengiliðum í ferðapjónustunni sem luku upp einum rómi um mikilvægi skíðasvæðisins okkar og um frábært starf Skógræktarfélagsins í lagningu göngustíga og skíðagönguspora. Nú er hafin söfnun fyrir nýju tæki til að troða gönguskíðaspor og tel ég að við ættum að skoða hvort að bærinn ætti að leggja því verkefni lið.

En víkjum þá að einstökum málaflokkum og því sem framundan er.

Atvinnumál

Síðar á þessu ári verður atvinnustefna Akureyrarbæjar endurskoðuð. Undirbúningur þessa verkefnis hefur staðið yfir um nokkra hríð og liður í honum er greining samkeppnishæfni sveitarfélagsins sem Akureyrarstofa var falið að vinna í samstarfi við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Í því felst að draga fram kosti, galla og sérstöðu Akureyrar sem búsetu- og atvinnusvæðis og leggja mat á tækifæri til framtíðar. Greiningin er í samræmi við stefnu bæjarstjórnar um að blása til sóknar á íbúa- og fyrirtækjamarkaði og fjölga fyrirtækjum og stofnunum sem vilja byggja upp starfsemi í bænum.

Vel heppnað fyrirtækjaping var haldið í janúar þar sem fjölbreyttur hópur úr atvinnulífinu kom saman í netheimum og ræddi undir stjórn sérfræðinga frá Símei stöðu bæjarins á fyrirtækjamarkaði og framtíðartækifæri. Niðurstöður fundarins eru mikilvæg gögn í vinnunni. Í kjölfarið voru svo kynntar niðurstöður íbúakönnunar samtaka sveitarfélaga á búsetuskilyrðum sem munu nýtast beint inn í þessa vinnu. Auk þessa er stuðst við þjónustukönnun Gallup og önnur fyrirliggjandi gögn.

Efnisöflun er að mestu lokið og úrvinnsla hafin. Eitt af því sem hefur þegar komið í ljós er að almenn lífsgæði á Akureyri og félagslegir þættir vega þungt í hugum atvinnurekenda, ekki síður en hagræn atriði þótt þau skipti auðvitað einnig máli. Sem dæmi má nefna að stuttar vegalengdir, gott og fjölskylduvænt samfélag eru meðal þeirra þátta sem komu oftast fram þegar atvinnurekendur voru spurðir um stærsta kostinn við að reka fyrirtæki á Akureyri. Einnig var áhugavert, og ánægjulegt, að sjá hve mikill meirihluti þeirra stjórnenda sem tóku þátt í fyrirtækjapinginu hafa hug á að auka umsvif sín á komandi misserum.

Við höfum eflaust flest skoðanir á því hverjir eru helstu styrkleikar og veikleikar bæjarins en með þessari vinnu er markmiðið að komast nær því að vita hvaða búsetukostir skipta mestu máli, hvers vegna fólk eða fyrirtæki ákveða að staðsetja sig hér frekar en annars staðar, hvað þarf að breytast til að fjölga í hópnum og hlúa betur að þeim sem fyrir eru. Með því að kortleggja stöðu, ekki síst sérstöðu, sveitarfélagsins með þessum hætti er markmiðið að fá fram mikilvægar upplýsingar og efnivið sem nýtist í aukinni markaðssókn og í stefnumótun í atvinnumálum og jafnvel öðrum málaflokkum. Spennandi verður að rýna niðurstöðurnar nú á vormánuðum.

Í haust hóf Akureyrarstofa að vekja athygli á möguleikum þess að fólk flytji með sér störf milli staða og á störfum án staðsetningar. Efnt var til markaðsátaks og vitundarvakningar með stuttum viðtölum við fólk sem býr hér á Akureyri og hefur flutt störf eða skapað sér tækifæri með því að flytja með sér verkefni. Í kjölfarið boðuðu Akureyrarstofa og SSNE til ráðstefnu á netinu undir yfyrskriftinni „Fólk færir störf“ þar sem við fengum fjölmörg dæmi um möguleikana sem eru fyrir hendi bæði í opinbera geiranum og einkageiranum. Sérstaklega áhugavert var að heyra hvað sum einkafyrirtæki eru langt komin í þeirri hugsun að starfsmenn geti þegar mögulegt er átt val um búsetu um leið og hæfileikar og kunnátta nýtist í rekstri fyrirtækisins. Margir hafa bent á að þetta sé tvíeggjað sverð því störf eigi að geta flust í báðar eða allar áttir og þess vegna frá Akureyri til annarra staða. Það er rétt en við höfum gefið okkur að eðli málsins samkvæmt verði flest störf til á höfuðborgarsvæðinu og að segulmagn stærðarinnar haldi fast í þau og því sé líklegt að öll hreyfing sem mögulegt er að koma á fólk, komi okkur og jákvæðri byggðapróun frekar til góða.

Þá hefur Akureyrarstofa komið að því ásamt SSNE, Háskólanum á Akureyri, Listaháskóla Íslands og framhaldsskólum á svæðinu að kanna möguleika á því að komið verði á fót listnámi á háskólastigi á Akureyri. Þessir aðilar standa saman að ráðstefnu um málið sem haldin verður um miðjan apríl. Hér er í raun um að ræða mikilvægt mennta- og atvinnumál.

Norðurslóðamálin hafa fengið sífellt meiri athygli og ekki síst nú nýverið í tengslum við svonefnda Grænlandsskýrslu sem utanríkisráðherra lét vinna. Ráðherra tók af því tilefni af öll tvímæli um að norðurslóðamiðstöð Íslands sé á Akureyri sem er mikilvægt og ánægjulegt. Það er brýnt að við fylgjum þessu fast eftir. Bæjarstjóri leiðir norðurslóðamálin fyrir hönd Akureyrarbæjar en Akureyrarstofa hefur komið sterkar inn í þá vinnu á síðustu misserum enda mikilvægt að á bak við þennan málaflokk sé teymi starfsmanna sem getur skipt verkum og byggt upp þekkingu.

Ánægjulegt er að segja frá því að í næstu viku kemur utanríkisráðherra í heimsókn til Akureyrar til að ræða norðurslóðamál á opnum fundi á netinu og af því tilefni verður einnig undirritað samkomulag milli SSNE og Norðurslóðanetsins um uppbyggingu þess en stjórn SSNE hefur ákveðið að það verði eitt af áhersluverkefnum í sóknaráætlun landshlutans.

Menningarmál

Viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa staðið yfir frá því í haust um endurnýjun menningarsamningsins. Til hans heyra þau verkefni sem Menningarfélag Akureyrar hefur með höndum sem eru rekstur Hofs, Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og svo rekstur Listasafnsins á Akureyri sem við rekum sjálf sem kunnugt er. Akureyrarbær lagði fram tillögu að nýju viðmiði um framlög ríkisins til samningsins og að miðað yrði við að þau yrðu um 10% af framlögum ríkisins til eigin verkefna á sömu sviðum á höfuðborgarsvæðinu sem eru Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa, Þjóðleikhúsið og Listasafn Íslands. Þetta hlutfall er nú ríflega 5%. Viðmiðið byggir á mannfjölda á áætluðu áhrifasvæði Akureyrar sem telur um 9-11% af mannfjölda á Íslandi. Akureyrarbær hefur bent á að þegar meta á framlög til atvinnustarfsemi í listum sé eðlilegast að leita viðmiða í sambærilegum rekstri á höfuðborgarsvæðinu frekar en t.d. í framlögum til uppbyggingarsjóða landshlutanna sem eru verkefnasjóðir. Rökin fyrir nýjum viðmiðum eru þessi helst:

- Enn frekari atvinnuuppbygging á Norður- og Austurlandi í listum og menningarstarfi – og bent er sérstaklega á þá fyrirmynd sem birtist í tónlistarupptökuverkefnum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Verkefni sem eiga engan sinn líka hér á landi og væru ekki til staðar ef ekki væri til sá grunnur sem ríki og bær hafa í sameiningu byggt upp. Atvinnuuppbygging af þessum toga gæti ekki komið á heppilegri tíma þegar samfélagið leitar viðspyrnu þegar COVID-19 faraldurinn vonandi vikur.
- Styrkja þá grunnhugmynd að skynsamlegt sé fyrir íslenskt samfélag að byggja upp annan öflugan kjarna eða borg þar sem atvinnustarfsemi í listum er raunverulegur valkostur- til hagsbóta fyrir listafólk á Íslandi, íbúa á Norður- og Austurlandi og fjölgar búsetukostum fyrir Íslendinga yfir höfuð.

Þegar þetta er skrifað er ekki útlit fyrir að við náum þessum nýju viðmiðum í gegn í þessari atrennu en engu að síður hækkan á framlögum til samningsins. Hækkanir á framlögum ríkisins hafa þegar til lengri tíma er litið að mestu leyti staðist samanburð við hækkanir ríkisins til eigin stofnana miðað við þann grunn sem þar er til staðar en við viljum stækka þann grunn. Ný viðmið verða því áfram baráttumál en ég tel að við höfum sterkan málstað.

Unnið hefur verið að setningu safnastefnu fyrir Akureyri sem verður sú fyrsta sem sveitarfélag setur sér. Áætlað var að verkinu lyki á síðasta ári en dráttur varð, bæði vegna COVID-19 og vegna þess að

fjárhagslegar forsendur breyttust snarlega þegar vinnan var á lokasprettinum. Nú er verið að ljúka gerð áætlunar um aðgerðir stefnunnar þannig að ljóst liggi fyrir hvað gert verður á hverju ári hennar en aðal áherslurnar verða þessar:

- Sameining sögu- og minjasafna á seinni hluta tímabils stefnunnar. Það verkefni er undir fleirum komið en Akureyrarbæ einum en verður stefnumið engu að síður.
- Algjör forgangur að gera betur gagnvart þeim söfnum og sýningum sem við stöndum nú þegar við bakið á – að ný söfn og sýningar verði að bíða á tímabili stefnunnar. *Þess ber þó að geta að töluverð umræða hefur verið meðal bæjarfulltrúa um Norðurslóðasetur eða sýningu á Akureyri, án þess þó að niðurstaða liggi fyrir.*
- Aðgengi allra – söfn fyrir alla. Þannig að sérstaklega verði horft til hópa sem eiga á hættu að verða út undan í samfélaginu og fara á mis við það sem söfnin bjóða upp á í starfi sínu.

Frá miðju þessu ári verður svo farið í að endurskoða menningarstefnu Akureyrar og hugmyndin er að hún og safnastefnan verði til einföldunar birt hlið við hlið og standi saman undir yfirskrift menningarstefnunnar og þær þurfa að sjálfsgöðu að tala saman.

Nú er unnið að gerð samþykktar um að ákveðið hlutfall af stofnkostnaði nýbygginga og stærri endurbyggingaverkefna á vegum Akureyrarbæjar renni í sjóð til kaupa á listaverkum. Það gerir okkur bæði kleift að stækka og þétta safnkost Listasafnsins og auka listskreytingar í nýbyggingum bæjarins. Til þessa þarf að horfa við gerð fjárhagsáætlunar.

Barnamenningarhátíð verður þróuð áfram eins og kveðið er á um í samstarfssamningi bæjarstjórnar en viðburðir hennar munu dreifast yfir aprílmánuð að þessu sinni. Að mínu mati er það sérstakt keppikefli að hátíðin nái sterkari tengslum við skólana í bænum en hafa verið hingað til og hún verði að lifandi hluta í skólastarfinu. En hátíðin er vaxandi og þegar orðin frábær hluti af menningarlífinu í bænum og á bara eftir að festa sig enn betur í sessi!

Stjórn Akureyrarstofu er jafnframt stjórn Listasafnsins, Amtsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins.

Aðaláhersla í starfi Amtsbókasafnsins á árinu 2021 verður að ná fyrri styrk í fjölda útlána og heimsóknna á safnið, eins og var fyrir heimsfaraldurinn. Nú þegar eru farnir af stað nokkrir viðburðir, s.s. spilaklúbbur en stigið er varlega til jarðar í því að skipuleggja of langt fram í tímann. Einnig verður unnið að gerð umhverfisáætlunar fyrir safnið og settar upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á lóð þess og líka verður stefna þess endurskoðuð.

Á Héraðsskjalasafninu verður lögð áhersla á kynningu á safninu og hlutverkum þess eftir margvíslegum leiðum með það í huga að fjölga gestum og gera safnið sýnilegra í samfélaginu. Áfram verður unnið að skráningu og frágangi eldri afhendinga eins og þær kallast. Fáist til þess styrkir verður haldið áfram að miðla safnefni á heimasíðunni og tekið verður upp annað vinnulag við miðlun. Loks verður meiri áhersla lögð á heimsóknir til skilaskyldra aðila á starfssvæði safnsins og þá sérstaklega utan Akureyrar.

Af Listasafninu er það helst að fréttu að settar verða upp 15 nýjar sýningar á árinu, yfirlitssýningar, samsýningar og einkasýningar. Sérstök áhersla verður lögð á að taka á móti skólahópum og smíðjur fyrir börn og ungmenni verða fjölmargar. Listasafnið tekur þátt í Barnamenningarhátíð með fjölda viðburða og A! Gjörningahátíð verður í byrjun október í samvinnu við Leikfélag Akureyrar, MAK, Verkmenntaskólann og fleiri aðila. Þá er unnið að nákvæmri skráningu safngripa en sú vinna mun taka einhver ár nema sérstakt fjárframlag fáist í verkefnið.

Af öðrum verkefnum má nefna að nýlega var undirritaður nýr þjónustusamningur við Minjasafnið á Akureyri til næstu þriggja ára sem er ánægjulegt.

Markaðs- og upplýsingamál

Markviss og stöðug upplýsingamiðlun fer fram að hálfu Akureyrarstofu nánast alla daga ársins og er heimasíðan akureyri.is sem fyrr mikilvægasta upplýsingagátt sveitarfélagsins en starfsfólkið hefur meginumsjón með skrifum fréttu og tilkynninga auk þess að koma að vinnu við þróun og endurbætur hennar í samstarfi við vefstjóra og starfsfólk stjórnsýslusviðs. Alls voru birtar 465 fréttir og tilkynningar á síðunni á síðasta ári sem gefur hugmynd um hve öflug þessi miðlun er.

Á síðustu misserum hefur Akureyrarstofa unnið að því að auka breiddina í kynningarstarfinu sem og fjölbreytni í miðlunarleiðum. Hlaðvarpið Akureyringar var sett í gang og á síðasta ári voru gerðir 15 slíkir þættir. Markmiðið er að vekja athygli á áhugaverðu fólki sem er að gera góða hluti í þágu samfélagsins sem og starfsemi og þjónustu bæjarins og þeim fjölmörgu kostum sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Hér er fylgt þeirri línu sem mörkuð var á þar síðasta ári sem felur í sér að nýta svokallaða efnismarkaðssetningu sem byggir á frásögnum og í þessu skyni hafa verið gerð myndbönd fyrir vefinn undir yfirskriftinni „Hvað er að fréttu?“ sem gefur dýpri innsýn í þjónustu og starfsemi - og „snúa innhverfunni á kerfinu út“ eins og forstöðumaður Akureyrarstofu hefur stundum orðað það. Sem dæmi má nefna myndband um heimaþjónustu og velferðartækni sem náði til um 19 þúsund manns og 13 þúsund manns horfðu á það að hluta eða í heild. Markaðsátakið „Fólk færir störf“ sem nefnt var hér að ofan er annað dæmi þar sem þessari línu er fylgt.

Áfram verður haldið á þessari braut á þessu ári með enn meiri áherslu á markvissa vinnu á íbúa- og fyrirtækjamaðaði í kjölfar samkeppnisgreiningarinnar sem ég sagði frá hér á undan.

Samstarf við aðrar deildir og önnur svið í kynningarmálum hefur aukist og mun áfram aukast á þessu ári. Sem dæmi um þetta má nefna frjósamt samstarf Akureyrarstofu og skipulagssviðs þar sem Akureyrarstofa hefur m.a. komið inn með sýn á markaðshlið skipulagsmála. Akureyrarstofa hefur jafnframt verið þátttakandi í íbúasamráðsverkefnum bæjarins og er endurskipulagning leiðakerfis Strætisvanga Akureyrar gott dæmi um það.

Akureyrarstofa er einnig í samstarfi við Vistorku um kynningu og markaðssetningu á „Grænu Akureyri“ sem er vinna sem nýtist einnig með beinum hætti á ferðaþjónustumarkaði og er í ferðamálastefnunni okkar.

Það er ánægjulegt að fylgjast með því hvernig Akureyrarstofa hefur náð að auka fjölbreytileika og breidd í upplýsingagjöf og markaðsmálum og haldið á sama tíma krafti og úthaldi í því starfi sem fyrir var.

Ferðamál

Í lok janúar á þessu ári lokaði Upplýsingamiðstöðin á Akureyri. Á undanförunum árum hefur Ferðamálastofa ítrekað gefið til kynna að stuðningi við opinberar upplýsingamiðstöðvar út um land yrði hætt þrátt fyrir umtalsverða gagnrýni á þau áform. Fyrir okkur hér á Akureyri þýddi það að Akureyrarbær væri einn að reka upplýsingamiðstöð sem hafði hlutverk gagnvart öllum landshlutanum og landinu öllu ef út í það er farið. Það þótti okkur ekki ásættanlegt.

Akureyrarstofa mun áfram einbeita sér að öflugri upplýsingagjöf um Akureyri á þeim miðlum sem við höfum yfir að ráða. Upplýsingagjöf til ferðamanna og bæjarbúa á vefnum visitakureyri.is hefur verið bætt og aukin mikið undanfarið og því starfi verður haldið áfram á þessu ári. Bætt verður í upplýsingabrunn um gönguleiðir, fjallahjólaleiðir og fjallaskíðaleiðir og áfram verður haldið þróun viðburðadagatalansins sem hefur tekið góðum breytingum undanfarið. Farið verður í sérstakt

kynningarátak þar sem ferðavefurinn verður kynntur sérstaklega gagnvart bæjarbúum sjálfum því þar er mjög margt að finna sem við getum haft gagn af ekki síður en ferðamenn.

Það verkefni að kynna og markaðssetja Glerárdal sem útivistarsvæði og áfangastað hefur lengi verið í ferðamálastefnu bæjarins og var það sérstaklega tengt uppbyggingu nýju virkjunarinnar í dalnum. Það helst vel í hendur við að umhverfis- og mannvirkjasvið hefur í tvígang fengið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna til stígagerðar í dalnum. Í fyrra fékkst ríflega 21 milljóna króna styrkur til fyrsta áfanga og í síðustu viku var tilkynnt um tæplega 24 milljóna króna styrk til annars áfanga sem eru frábærar fréttir. Verkefnið snýst um að leggja stíg frá bílastæði og alla leið inn að Lamba, skála Ferðafélags Akureyrar. Annar áfangi byrjar um 4 km inn í dalnum og endar í um 8 km. Eftir að stígagerð hófst hefur orðið sprenging í heimsóknum gesta í fólkvanginn og þar bíða margir möguleikar til þróunar útivistar og ferðaþjónustu sem henni tengjast.

Samstarf Akureyrarstofu og umhverfis- og mannvirkjasviðs hefur aukist og eflst enda er fjöldamargt af því sem við gerum í umhverfismálum og uppbyggingu til útivistar mikilvægur hluti þess að byggja upp fjölbreyttan og vinsælan áfangastað eins og Akureyri.

Ferðafélag Akureyrar fékk einnig á dögnum 1,5 milljóna króna styrk úr uppbyggingarsjóði til samræmdrar merkingar gönguleiða. Umsóknin var gerð í samstarfi Ferðafélags Akureyrar, Akureyrarstofu og fleiri aðila og markar upphafið að bættum merkingum á gönguleiðum í nágrenni Akureyrar. Verkefnið mun einnig nýtast Skógræktarfélaginu vegna merkingar gönguleiða, Hjólreiðafélaginu vegna merkingar fjallahjólaleiða og utanvegahlaupinu Súlu Vertical vegna þeirra leiða sem skipulagðar eru á þess vegum.

Stjórn Akureyrarstofu samþykkti einmitt nýverið að styrkja uppbyggingu og þróun Súlu Vertical en aðstandendur hlaupsins stefna að því að byggja upp þekkt og alþjóðlega sterkt utanvegahlaup hér á Akureyri. Hlaupið fer fram um verslunarmannahelgi og helgina á undan stendur Hjólreiðafélagið fyrir mikilli hjólreiðahátíð. Súlu Vertical og Hjólreiðafélagið vinna saman með það að markmiði að helgarnar og vikan á milli verði að samfelldri útivistarhátíð. Mjög spennandi framtíðarsýn og mikilvægt að Akureyrbær styðji við þetta viðburðahald sem getur orðið mikilvægt í uppbyggingu Akureyrar sem ferðamannastaðar.

Af öðrum verkefnum má nefna að áfram verður unnið að sérstakri markaðssetningu á Hrísey og Grímsey og nú er verið að vinna nýtt markaðsefni fyrir Akureyri sem ráðstefnubæ.

Þessa dagana er unnið að stofnun áfangastaðastofu, þar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gerir samning um verkefnið við landshlutasamtök. SSVN og SSNE hafa ákveðið að vinna saman að þessu verkefni og fá Markaðsstofu Norðurlands til þess að reka sameiginlega áfangastaðastofu. Ég tel að breytingin sé jákvæð og geti styrkt samstarf milli ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Stjórn Akureyrarstofu tók ákvörðun um það við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið í ár að halda áfram stuðningi við flugklasann AIR66. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá þá hreyfingu sem loksins er komin á framkvæmdir við að bæta aðstöðu fyrir millilandaflug á Akureyrarflugvelli. Í því liggja miklir möguleikar í þróun og uppbyggingu ferðaþjónustunnar í landshlutanum og fyrir fyrirtæki í útflutningi - fyrir utan þau ótrúlegu lífsgæði sem felast í fyrir íbúa að hafa aðgang að beinum flugsamgöngum við stærri flughafnir í Evrópu.

Fjármál og rekstur

Málaflokkur 105

Framlög til menningarmála, málaflokks 105, frá árinu 2016, hafa verið sem hér segir:

Málaflokkur 105	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Áætlun	323.417.00	314.739.00	336.975.00	405.061.00	407.951.00	436.120.00
Innri leiga	134.411.00	135.696.00	145.888.00	198.106.00	204.768.00	214.660.00
Rekstur - innri leiga	189.006.00	179.043.00	191.087.00	206.955.00	203.183.00	221.460.00
Hlutfall innri leigu	41,6%	43,1%	43,3%	48,9%	50,2%	49,2%

Framlög til menningarmála, samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs, hafa hækkað um 34,8% frá árinu 2016. Þar skiptir mestu máli endurnýjun á húsnæði Listasafnsins sem hækkar innri leigu töluvert á árinu 2019. Frá árinu 2016 hefur innri leiga hækkað um 59,7% á meðan eiginlegt rekstrarframlag hefur hækkað um 17,2%.

Málaflokkur 113

Framlög til atvinnumála, málaflokks 113, frá árinu 2016, hafa verið sem hér segir:

Málaflokkur 113	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Áætlun	76.745.000	74.855.000	74.445.000	79.202.000	91.855.000	73.171.000
Innri leiga	6.501.000	6.587.000				
Rekstur - innri leiga	70.244.000	68.268.000	74.445.000	79.202.000	91.855.000	73.171.000
Hlutfall innri leigu	8,5%	8,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Framlög til atvinnumála, samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs, hafa lækkað um 4,7% frá árinu 2016. Á árunum 2016 og 2017 reiknaðist innri leiga á Akureyrarstofu vegna aðstöðu í Hofi en hún féll niður þegar skrifstofurnar fluttu í Rósenborg. Ef eingöngu er horft til framlaga til rekstrar hefur það hækkað um 4,2% ef eingöngu er horft á árin 2016 og 2021. Verulega aukið framlag á árinu 2020 má skýra með COVID-aðgerðum en ef borin er saman áætlun 2019 og 2021 þá lækkar hún um 7,6%.

Að lokum

Eins og heyra má eru verkefni Akureyrarstofu fjölmörg og spennandi, verkefni sem drifin eru áfram af sóknarhug og óbilandi trú á okkar svæði. Framtíðarsýnin byggir á því markmiði að gera góðan bæ sifellt betri og skemmtilegri. Ég vil að lokum á ný þakka aftur samstarfsfólki mínu í stjórn Akureyrarstofu sem og því magnaða starfsfólki sem þar vinnur.